

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Diljá Mist Einarsdóttur um kulnun.

1. *Er til læknisfræðileg greining á kulnun? Ef svo er, hver eru greiningarskilmerki kulnunar?*

Kulnun hefur ekki verið skilgreind af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) sem sjúkdómur. Hins vegar er kulnun skilgreind af WHO sem ástand tengt vinnuumhverfi og byggir á þremur skilmerkjum:

- a. Mikil þreyyta eða örmögnun (e. feelings of energy depletion or exhaustion).
- b. Áhugaleysi og/eða neikvæðni gagnvart vinnu (e. increased mental distance from one's job, or feelings of negativism or cynicism related to one's job).
- c. Minnkuð afköst (e. reduced professional efficacy).

2. *Hver er tíðni læknisfræðilegrar greiningar á kulnun og hvernig hefur hún þróast undanfarin ár?*

Þar sem ekki er um skilgreindan sjúkdóm að ræða er ekki haldið utan um þessa tölfræði hjá embætti landlæknis.

3. *Hvert er umfang tilvísana og vottorða þar sem kulnun er tilgreind sem ástæða?*

Umfangið er ekki ljóst þar sem ekki fer fram kerfisbundin söfnun upplýsinga úr vottorðum eða tilvísunum.